

síðar leiddu og látið þau staðfesta hann, án þess að prófa þau sjerstaklega, svo sjeð verði; að öðru leyti hefur rekstur málsins í hjeraði verið víta-
laus. Sókn og vörn fyrir yfirdómi hefur verið lög-
mæt.

Því dæmist rjett vera:

Hinir kærðu, Þórarinn Jónsson og Sigurður Sigurðsson, eiga að vera sýknir af kæru hins opinbera í þessu máli. Málskostnaður bæði fyrir undir- og yfirrjetti, þar með talin málflytningu-
laun til sóknara og verjanda, málaflutningsmanns Gísla Ísleifssonar og cand.
jur. Hannesar Thorsteinson, 10 kr. til hvors þeirra, greiðist af almannafje.

Mánudaginn 26. aprilmánaðar.

Nr. 6/1897:

Híð opinbera
gegn

Hermanni Jónassyni.

Dómur:

Með lögreglurjettardómi Húnavatnussýslu, upp-
kveðnum 28. ágústmán. f. á., var hinn kærði Her-
mann bóndi Jónasson á Þingeyrum dæmdur fyrir ólöglega laxveiði til að greiða 20 kr. sekt, að helmingi til hlutaðeigandi sveitarsjóðs og að helm-
ingi til uppljóstrarmanns, svo og til að greiða all-
an kostnað málsins, en dómi þessum hefur verið

skotið til yfirdómsins eptir ósk hins kærða og einnig fyrir hönd hins opinbera.

Hinn kærði hefur laxanetalagnir í svokölluðum Bjargaós, sem er afrennsli úr stöðuvatninu Hópinu til sjáfar yfir Þingeyrasand, en í Hópið rennur laxveiðiáin Víðidalsá. Vestan að Bjargaós liggja Nesbjörg, og er farvegur óssins þeim megin glögglega afmarkaður, en austan við ósinn liggur Þingeyrasandur, og fellur opt vatn yfir mikinn hluta hans, þegar hásjáfað er eða flód er í Víðidalsá eða vindur stendur af Hópinu, og er því óglögg, hvar farvegur óssins byrjar þeim megin. Hinn kærði hefur haft laxanetalagnir í Bjargaós á 2 stöðum, nefnilega á svo nefndu Vonarlandi og í Vadhvammi; nokkru fyrir ofan Vadhvammslögnina hefur kærði og haft 2 selanætur yfir þveran álinn hverja fyrir ofan aðra með 14 álna millibili. Þessar lagnir allar voru skoðaðar af hlutaðeigandi lögreglustjóra, undirdómaranum, og 2 tilkvöddum mönnum hinn 10. júlímán. f. á. að viðverandi kærða sjálfum, og með skírskotun til þessarar sköðunargjörðar, sem ákærði hefur viðurkennt rjetta í öllum verulegum atriðum hennar, hefur undirdómariinn komið að þeirri niðurstöðu í dómi sínum, að Vonarlandslögnin hafi komið í bága við lögin, en að lögnin í Vadhvammi og selanæturnar hafi verið lögmætar.

Eptir sköðunargjörðinni var lögn kærða á Vonarlandi þannig háttad hinn 10. júlí f. á., að þvernet var lagt frá vödlunum að austan og út í sjálfan ósinn 14 álna langt, en frá austurenda

netsins og til vesturlandsins eða vesturbakka óssins var breiddin 30 ál. og 15 þuml. Dýpt vatnsins við vestari netendann var 1 al. og 14 þuml., og var dýpi óssins hvergi meira. Möskvamál netsins var 12 þuml. Niður úr báðum endum þvernets þessa og ridin saman við þá lágu langnet eða »leiðarar«, hið vestara 29 fadma langt, en hið eystra 54 fadma. Eystra langnetið lá eptir vöðlunum austan við aðaldýpi óssins, og var neðri endi þess festur með steini. Neðri endi vestara langnetsins var laus, en nedarlega við það að austanverðu var fest 17 fadma langt fleygnet, sem lá upp ósinn milli langnetanna; bilið milli fleygnetsins og vestara langnetsins að ofan var 5 álnir, en smámjókkaði eptir því sem nedar dró, þangað til þau voru ridin saman, þar sem fleygnetið endaði að neðan. Það er nú rjett, að undirdómarinn hefur skodað þvernetið með báðum langnetunum og fleygnetinu sem eitt net eða eitt veidarfæri, en það er ljóst, að þvernetið út af fyrir sig hefur eigi verið ólögmaett; það er og sannað að möskvamál allra netanna hafi verið löglegt (nl. 12 þuml.). Það kemur nú því til álita, hvort kærði hafi með þvernetinu og langnetunum þvergirt meira en helming af breidd óssins (Bjargaóss), og ennfremur, hvort sá partur óssins, er hann þvergirti, hafi verið dýpri en hinn partur hans. Skoðunarmennirnir mældu breidd og dýpt óssins á 2 stöðum fyrir neðan þvernetið, nl. um mitt vestara langnetið og um neðri enda þess. Um mitt vestara langnetið voru 12 fadmar og 2

álnir frá vesturlandinu (vesturbakka óssins) og austur að eystra langnetinu; frá vesturlandinu að vestra langnetinu voru 5 fadmar og 2 ál., og milli langnetanna 7 fadmar. Dýpið milli vesturlandsins og vestara langnetsins var mest 1 al. og 15 þuml., og á milli netanna var dýpið mest 1 al. og 12 þuml. Um neðri endann á vestara langnetinu var breiddin frá vesturlandinu að vestara netinu 6 fadmar, að austara netinu (alla leið yfir ósinn) 15 fadmar, en millibilið milli netanna var 9 fadmar. Dýpið var mest á þessari línu 1 al. 18 þuml., nl. milli netanna 1 fadmi fyrir austan vestara netið; við vestara netið og vestur af því var dýpið mest 1 al. 16 þuml. Við austara netið og 2 fadma vestur af því var dýpið að eins 10 þuml., en varð þá á næsta fadmi 24 þuml. Eins og áður segir, lá eystra netið á *vöðlunum* niður frá austurenda langnetsins, og virðist mega álitá, eptir því sem fram er komið í málinu um landslag, dýpi óssins o. s. frv., að það hafi legið fyrir austan ósinn (Bjargaós) í eiginlegum skiluningu, þegar hann er skodaður sem á eda afrenusli úr Hópinu til sjávar, og að ósinn geti eigi talizt byrja fyr en 2 föðmum fyrir vestan netið, þar sem aðaldýpið byrjaði. En allt að einu verður að álitá það rjett skodað af undirdómaranum, að það hafi orðið nægilega sannað með skodunargjörðinni. að kærði hafi með svo lagaðri lögn þvergirt meira en helming Bjargaóss, og hefur kærði þannig gjörzt brotlegur gegn laxfridunarlögunum 19. febr. 1886, 2. gr., fyrir þessa lögn sína. Að því

er snertir laxalögn hans í Vadhvammi og selnótalagnirnar, er einnig voru skoðaðar, verður eigi sjeð, að þær hafi komið í bága við veidilögin. Sektin fyrir brot hins kærða, sem kominn er yfir lögdalur sakamanna, þykir hæfilega ákveðin af undirdómaranum 20 kr. eptir 8. gr. laxfríðunarlaganna og renni að helmingi í sveitarsjóð og að helmingi til uppljóstrarmanus. Með því að yfirdómurinn fellst einnig á ákvæði lögreglurjettardómsins um málskostnað, verður þannig að staðfesta hann að öllu leyti. Hinn kærði verður og að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflytningislaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, sem ákveðast 10 kr. til hvors þeirra. Það vottast að rekstur málsins í hjerði hefur verið vítalaus og málsfærslan við yfirdóminn lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Hinn áfrýjaði lögreglurjettardómur sje óraskaður. Hinn kærði Hermann Jónasson á að greiða allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflytningislaun til sækjanda og verjanda við yfirdóminn, málsfærslumanns Gísla Ísleifssonar og cand. jur. Hannesar Thorsteinson, 10 kr. til hvors þeirra.

Dóminum skal fullnægja, áður liðnar eru 8 vikur frá löglegri birtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.